

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum 2023

Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum er samstarfsvettvangur fræðimanna Málvísindastofnunar Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) sem stunda rannsóknir á íslensku táknmáli. Auk starfsmanna þessara stofnanna eiga nokkrir utanaðkomandi aðilar aðild að rannsóknastofunni. Starfsmenn HÍ og SHH hafa aðstöðu á sínum vinnustað en stofan hefur að öðru leyti ekki yfir sérstöku húsnæði að ráða. Stjórn stofunnar er skipuð til eins árs í senn, frá 2023-2024 skipuðu Guðný B. Þorvaldsdóttir, Júlía G. Hreinsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir stjórnina.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félaga í Rannsóknastofu í táknmálsfræðum

Styrkumsóknir á árinu:

- Nýsköpunarsjóður námsmanna og Rannsóknasjóður HÍ styrktu verkefnið „Setningafræði íslenska táknmálsins“ og vann Birta Björg Heiðarsdóttir að því að skrá setningarfræðiupplýsingar við táknmálgögn í ELAN. Umsjónarmenn voru Jóhannes Gísli Jónsson og Rannveig Sverrisdóttir og samstarfsaðili var SHH þar sem nemandinn hafði m.a. aðstöðu og aðgang að gögnum og málhöfum. Málvísindastofnun HÍ greiddi mótframlag til verkefnisins.

Þátttaka í málþingum og ráðstefnum:

- Á Hugvísindapingi HÍ þann 11. mars 2023 var haldin málstofa undir heitinu „Enn einn fáninn á veginn: Stefnur, hugmyndafræði og framkvæmd þeirra frá sjónarhorni foreldra sem hafa íslenskt táknmál eða erlent táknmál að móðurmáli. Þar flutti Rannveig Sverrisdóttir erindið „Málhegðun og málviðhorf ólíkra minnihlutahópa í íslensku málumhverfi: ÍTM og móðurmál innflytjenda“ og Renata Emilsson Pesková erindið „Málstefnur á Íslandi: Sjónum beint að ÍTM og móðurmálum innflytjenda“.
- Júlía G. Hreinsdóttir var lykilfyrirlesari á ráðstefnunni EUROCALL 2023 sem haldin var í samstarfi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Sorbonne háskólans í París. Ráðstefnan fór fram í Veröld, Háskóla Íslands í ágúst. Erindi Júlíu bar heitið „The history of sign language and the development of sign language teaching in Iceland“.
- Á sömu ráðstefnu, EUROCALL 2023 voru Árný Guðmundsdóttir og Hólmfríður Þóroddsdóttir með veggspjöld þar sem þær kynntu SignWiki og varðveislu táknmálsmenningararfs á SHH.
- Á degi íslensks táknmáls 2023 birti SHH tvo fyrirlestra á heimasíðu sinni, fyrirlestur Hólmfríðar Þóroddsdóttur, „Áhrif undirbúnings á gæði táknmálstúlkunar“ og fyrirlestur

Júliu G. Hreinsdóttur, „Baráttusaga íslenska táknaálsins“. Fyrirlestrana má sjá hér: <https://island.is/s/shh/frett/ahrif-undirbunings-a-gaedi-taknmalstulkunar> og <https://island.is/s/shh/frett/barattusaga-islenska-taknalsins>

Doktorsritgerðir:

Á árinu skiluðu tveir meðlimir rannsóknastofunnar doktorsritgerðum við Háskóla Íslands og fóru doktorsvarnirnar fram með fimm daga millibili í desember 2023.

- Þórhalla Guðmundsdóttir Beck lauk doktorsprófi í íslenskri málfræði. Doktorsritgerð hennar ber heitið „Íslenskt litmál: Merkingarfræði, málfræði og saga íslenskra litaorða“. Í ritgerðinni er einnig fjallað um litaorð í ÍTM og notkun þeirra borin saman við litaorð í öðru tungumáli í sama menningarsamfélagi, íslensku. Ritgerðina má finna hér: <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/4516>
- Valgerður Stefánsdóttir lauk doktorsprófi í mannfræði. Doktorsritgerð hennar ber heitið „Án táknaáls er ekkert líf. Upp með hendur!“. Viðfangsefni ritgerðarinnar er uppruni og þróun ÍTM. Ritgerðina má finna hér: <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/4584>

Heimsóknir fræðimanna

SHH fékk á árinu heimsókn frá WASLI, alheimssamtökum táknaálstúlka. Arunas Brazinkas sem er ráðgjafi döff tülka og meðlimur í stjórn WASLI kynnti starfsemina fyrir starfsfólki SHH. Í nóvember kom Dr. Valgerður Stefánsdóttir í heimsókn á SHH og hélt erindi um doktorsverkefni sitt.

Kynningarstarfsemi og útgáfa

- Í öðru hefti Ritsins 2023 birtist greinin „Áhrif undirbúnings á gæði táknaálstúlkar“ eftir Hólmafríði Þóroddsdóttur og Karen Rut Gísladóttur.
- Á heimasíðu rannsóknastofunnar var birtur listi yfir ritgerðir um táknaáál, döff menningu og tengd umfjöllunarefni sem Elísa G. Brynjólfadóttir vann. Listinn verður uppfærður árlega, hann má finna hér <https://malvis.hi.is/is/ritgerdir-um-taknmal-doff-menningu-og-tengd-umfjollunarefni>